

ÁRSSKÝRSLA BÓKMENNTA- OG LISTFRÆÐASTOFNUNAR 2020

Stofnunin hafði ekki fjárhagsburði til að standa í neinum stórræðum á árinu og markast ársskýrslan af því. Enn fremur var árið markað af faraldri vegna Covid-19 og þeim hömlum sem sóttvarnarlög settu á viðburði og samkomur. Það hafa því ekki orðið miklar breytingar frá síðasta aðalfundi (sem seinkaði vegna samkomubanns og var því haldinn á haustmánuðum 2020). Ný stjórn tók við um mitt árið og hefur haldið áfram stefnu fyrri stjórnar að koma rekstrarreikning stofnunarinnar í jafnvægi og unnið að því að lagfæra verkferla sem tengjast útgáfumálum og fjármálum stofnunarinnar.

1. Rekstrarreikningur ársins

Staða stofnunarinnar fer nú batnandi en í lok árs 2020 var staðan 283.438 kr. og hafði hallinn því minnkað verulega og er rekstur stofnunarinnar því að komast í jafnvægi eftir nokkurra ára halla.

2. Útgáfumál

Fjárhagsstaða stofnunarinnar hefur verið þannig að stofnunin hefur ekki getað tekið að sér eða stutt við nýjar útgáfur. Eins og áður hefur komið fram er rannsóknastofnunum á Hugvísindasviði ekki heimilt að stofna til skuldbindinga umfram fjárhagsgetu samkvæmt ályktun stjórnar Hugvísindastofnunar 12. desember 2017. Eina ritið sem kom út á vegum stofnunarinnar 2020 var bók Bergljótar Kristjánsdóttur *Fræðaskjóða* sem gefin var út í samvinnu við bókaútgáfuna Sæmundi, en sú bók var samningsbundin áður en nýjar reglur voru settar og stofnuninni alfarið að kostnaðarlausu.

3. Ráðstefnur

Öllum ráðstefnum sem halda átti 2020 hefur verið frestað ótímabundið vegna sóttvarnarlaga:

- Ráðstefna í tilefni þess að 80 ár eru liðin frá hernámi Íslands 10. maí 1940 í samstarfi við Sagnfræðistofnun (ábyrgðaraðili Gunnþórunn Guðmundsdóttir).
- Ráðstefna um Grím Thomsen í tilefni þess að tvær aldir eru liðnar frá fæðingu hans 15. maí 1820 (styrkt af Hugvísindastofnun; ábyrgðaraðili Sveinn Yngvi Egilsson).
- Málþing til heiðurs Bergljótu Kristjánsdóttur sem halda átti 5. september (ábyrgðaraðilar Guðrún Ingólfssdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir).

3. Stuðningur við nemendur

Stofnunin styrkti tvö nemendafélög, Blekfjelagið, félag ritlistarnema, og Torfhildi, félag bókmenntafræðinema, um 50.000 kr. hvort til útgáfu ljóðasafns annars vegar og tímarits hins vegar.

Fyrir hönd stjórnar B&L
Sif Ríkharðsdóttir (formaður)
20. mars 2021